



Stjórnarskrárnefnd
b.t. Páls Þórhallssonar
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

FOR 04120008

Reykjavík, 29. apríl 2005

Til stjórnarskrárnefndar.

Vatn er nauðsynlegt til viðhalds öllu lífi. Það er takmörkuð náttúruauðlind og réttur einstaklinga til vatns er samvinnnaður réttindum manna til lífs og virðingar eins og skráð er í Alþjóða mannréttindasáttmálann (the International Bill of Human Rights).

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu árið 2002 að vatn tilheyrði grunnmannréttindum og væri forsenda annarra réttinda. Þessi samþykkt skuldbindur þau 145 ríki sem skrifað hafa upp á Alþjóða sáttmálann um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights) til að tryggja með stigvaxandi hætti sanngjarnan og jafnan aðgang að öruggu drykkjarvatni.

Sáttmálinn, Alþjóðasáttmáli um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi/ International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, er frá 16.12.1966. Ísland hefur undirritað þann samning þann 30. desember 1968, fullgilti 22. ágúst 1979 og öðlaðist hann gildi 22. nóvember 1980, C 10/1979.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi var sett á fót 1987 og hefur síðan samþykkt 14 „almennar athugasemdir“ (General Comment) til þess að skýra betur og túlka Alþjóðasáttmálann um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966. Hin „almenna athugasemd“ um réttinn til vatns er túlkun á grein 11, (rétturinn til fæðu) og grein 12, (rétturinn til heilbrigðis) í sáttmálanum. Samþykkt nefndarinnar fylgir hér að neðan.

Orðrétt segir í samþykktinni: „Eins og varðar önnur mannréttindi, þá hafa ríki skyldu til að *virða, vernda og koma í framkvæmd* þessum réttindum.“

Stjórn BSRB, samþykkti á fundi 28. apríl tillögu til stjórnarskrárnefndar þess efnis að aðgangur að drykkjarvatni teljist mannréttindi og að eignarhald á vatni skuli jafnan vera samfélagslegt og skuli það bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Erindi þetta er sent til stjórnarskrárnefndar til frekari afgreiðslu.

Greinargerð:

Vatn er takmörkuð náttúruleg auðlind og almannagæði sem er undirstaða lífs og heilbrigðis. Aðgangur að vatni telst til grundvallarmannréttinda samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna. Sérhver maður skal þess vegna eiga rétt á og vera tryggður

nægilegur og öruggur aðgangur að hreinu drykkjarvatni á viðráðanlegu verði, auk vatns til hreinlætis og heimilishalds. Þegar rætt er um „nægjanlegan aðgang að drykkjarvatni“ í samþykktum S.þ. er gengið út frá hugmyndinni um mannlega reisn, en ekki notuð þröng tæknileg skilgreining með tilvísun í lítrafjölda eða tækni. Fara skal með vatn sem félagsleg og menningarleg gæði, en ekki fyrst og fremst sem efnahagsleg gæði. Þannig skal ekki líta á vatn sem hverja aðra verslunarvöru. Við raungeringu þessara réttinda til vatns skal þess gætt að framkvæmd sé sjálfbær og þannig tryggt að réttindin megi raungera fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar. Stjórnvöldum ber að tryggja að dreifing vatnsauðlindarinnar og fjárfestingar í vatni tryggi öllum þegnum þjóðfélagsins aðgang að drykkjarvatni. Sérstaklega skal gæta að réttindum þeirra sem geta átt undir högg að sækja, hvort sem er um að ræða t.d. konur eða börn, heimilislausa í borgum, íbúa dreifðra byggða, fanga eða flóttafólk.

Um skyldu stjórnvalda:

Í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir m.a.:

„Eins og varðar önnur mannréttindi, þá hafa ríki skyldu til að *virða, vernda og koma í framkvæmd* þessum réttindum.

Með því að þau *virði* þau, skulu stjórnvöld t.d. eigi aðhafast nokkuð sem neitar einhverjum um eða hamlar jöfnum aðgangi að drykkjarvatni og ekki eiga aðild að neinu sem með ólögnum hætti kann að menga drykkjarvatn.

Með því að *vernda* þau, ber stjórnvöldum að tryggja að þriðji aðili, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða aðra aðila, hindri með einhverjum hætti að menn geti nýtt þessi réttindi sín. Stjórnvöld beiti til þessa m.a. lögum eða reglugerðum eða öðrum nauðsynlegum aðgerðum. Vernd stjórnvalda gæti t.d. falist í að koma í veg fyrir að þriðji aðili hindri aðgang að vatni, að mengun eigi sér stað eða að einhver taki sér vatn með óbilgjörnum hætti úr sameiginlegri uppsprettu. Stjórnvöld bera einnig skyldu til að tryggja að aðilar sem reka eða stjórna vatnsveitum eða annarri skyldri þjónustu stefni ekki í voða með neinum hætti framboði, öryggi, hóflegu verði (e. affordable) eða aðgengi þessa réttar.“

BSRB lítur svo á að þetta verði því aðeins gert á tryggilegan hátt að eignarhald á neysluvatni til almennings verði félagslegt. Svo mikið er húfi að þetta ber að festa í stjórnarskrá lýðveldisins.

Hugsað til framtíðar

Í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er ennfremur lögð áhersla á að hugsað sé til langs tíma. Orðrétt segir:

„Stjórnvöld skulu taka upp heildstæðar og samþættar aðgerðaráætlanir og stefnu til að tryggja að nægt og hreint vatn sé til staðar fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Slíkar stefnur og aðgerðaráætlanir gætu innihaldið; a) að dregið verði úr eyðingu vatnsuppsprettu vegna ósjálfbærrar notkunar, hjáveitna eða stíflugerðar; b)

að dregið verði úr og komið í veg fyrir mengun vatnaskila og heildstæðra vatnsvistkerfa sökum efnamengunar eins og t.d. geislunar, skaðlegra tilbúinna efna eða úrgangs manna, c) eftirlit með vatnsbólum, d) að tryggt verði að framtíðar byggða- eða atvinnuþróun trufla ekki aðgang að nægilegu vatni, e) mat á áhrifum atburða sem geta haft áhrif á aðgengileika vatns og náttúruleg vistkerfi vatns, eins og t.d. loftlagsbreytinga, uppblásturs og rofs, uppþornunar lands, eyðingu skóga og fækkun lífvera, f) að bæta skilvirka notkun neytenda, g) að draga úr vatnstapi við dreifingu vatns, h) aðgerðaráætlanir vegna neyðartilvika, i) og að koma á fót hæfum stofnunum og viðeigandi stofnanakerfi til að koma í framkvæmd aðgerðaráætlunum og stefnum.

Að tryggt verði að allir hafi aðgang að fullnægjandi hreinlætiskerfum, skiptir ekki aðeins sköpum fyrir mannlega reisn og friðhelgi einstaklingsins, heldur er það ein af aðal leiðum til að vernda gæði drykkjarvatnsbóla og birgða. Stjórnvöld hafa skyldu til að bæta hreinlætisþjónustu og útvíkka hana.“

Að lokum vill stjórn BSRB benda á eftirfarandi staðreyndir sem frekari rökstuðning fyrir þessari tillögu.


Samkvæmt Alþjóða heilbrigðisstofnuninni (WHO) hefur verið áætlað að 1,7 milljarð manna skorti aðgang að hreinu vatni og um 2,3 milljarðar þjáist af sjúkdómum sem annars vegar má rekja til óhreins vatns en í auknum mæli til hárrar verðlagningar á vatni. Einkavæðing vatnsveitna hefur aukið á þetta vandamál. Í skýrslu Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna frá 1. mars 2002 (Economic and social council. Commission on human rights, Fifty-eight session; Economic, social and cultural rights. Report of the Special Rapporteur on adequate housing as a component of the right to an adequate standard of living, Mr. Miloon Kothari. GE.02-11129 (E) 120302) er bent á að aðgangur að vatni til drykkjar og hreinlætis sé forsenda réttar fólks til fullnægjandi húsnæðis. Þá segir um samband einkavæðingar og aðgangs að vatni:

„A review of current literature on the on impacts of recent privatizations of water and sanitation services found that the vast majority of available case studies fail to demonstrate improvements in the quality and coverage of services to vulnerable groups. Indeed, higher costs to and service cut-offs of persons unable to pay higher rates have been more common, especially in developing and transition countries. This review also vindicates the concern that privatization, while relatively easy to initiate, are extremely difficult to implement where universal coverage with acceptable quality at affordable prices for all is the stated goal of the service.“

Að teknu tilliti til skyldu ríkisins sem verndara almannahagsmuna og mannréttinda og af fenginni reynslu af einkavæðingu opinberra vatnsveitna víða um heim, telur stjórn BSRB mjög veigamikil rök styðja að vatnsveitur verði í opinberri eigu og umsjá. Horfið verði af braut einkavæðingar og markaðsvæðingar á vatni, þar sem það hefur átt sér stað.

Vatn er dýrmæt auðlind í eigu þjóðarinnar allrar. Til að tryggja að svo megi verða með óyggjandi hætti, leggjum við til að réttur til vatns sem ódeilanleg mannréttindi verði

festur í stjórnarskrá Íslands. Af því leiðir að við lagasetningu innanlands er snertir vatn með einum eða öðrum hætti, sem og við gerð og þátttöku í alþjóðlegum samningum, svo sem GATS-samningi WTO, ber löggjafa að miða gerðir sínar og ákvarðanir við umrætt ákvæði í stjórnarskrá sem og þegar undirritaðar skuldbindingar vegna alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

fh. stjórnar BSRB

Ögmundur Jónasson, formaður